**LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS**
Hlíðasmára 8, 200 Kópavogur, s: 564-4100

Alþingi
Erindi nr. Þ 121/1224
komudagur 25/3 1997

Heilbrigðis- og tryggingamálanefnd Alþingis
Össur Skarphéðinsson, formaður
Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Kópavogi 20. mars 1997
60/97/PÞ/imv

**Frumvarp til laga um réttindi sjúklinga**

Stjórn Læknafélags Íslands þakkar fyrir að hafa fengið ofannefnt frumvarp til umsagnar.

Stjórnin mun gera verulegar athugasemdir við frumvarpið að höfðu samráði við stjórn Siðfræðiráðs félagsins, sem gerði ýmsar breytingatillögur við áður framlagt frumvarp um sama efni. Ráðið felldi breytingartillögur sínar inn í frumvarpið og sendi það þannig til Heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis 20. desember sl. ásamt fleiri gögnum. Tillögurnar voru einnig kynntar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Stjórn félagsins þakkar fyrir lengdan frest til að skila athugasemdum og fer hér með fram á að mæta á fund nefndarinnar í byrjun næsta mánaðar og kynna sjónarmið sín.

Virðingarfyllst

Páll Þórðarson

Páll Þórðarson
framkv.stj.